

Gos í Eyjafjallajökli - staða 25. maí 2010 kl. 17:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Hjörleifi Sveinbjörnssyni, Þorsteini Jónssyni, Birni Sævari Einarssyni og Sigrúnu Hreinsdóttur

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og gervihnattamyndum og vísindamönnum á Eyjafjallajökli.

Gosmökkur:

Hæð: Gufumökkurinn er í tæplega 2 km. Metið út frá vefmyndavél og flugi. Hæg norðanátt.

Stefna: Suður.

Litur: Ljós, gufa.

Gjósufall: Engar tilkynningar hafa borist af öskufalli í dag.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli er frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað: Svipaðar og í gær, metið út frá vefmyndavél og flugi, en jafnframt er hópur vísindamanna á jöklinum og sáu þeir einnig litla öskusprengingu í gígnum, en mest megnis er þetta gufa sem stígur þarna upp. Bláleitar gufur sjást greinilega úr flugvél og einni fannst sterk brennisteinslykt þegar flogið var suður fyrir eldstöðina.

Órói: Óróinn hefur verið mjög svipaður síðustu tvo dagana, en þó má sjá í honum einstaka púlsa á lægstu tíðninni (0.5-1.0 Hz).

Jarðskjálftar: Ellefu skjálftar hafa mælst frá miðnætti undir eldfjallinu, en 8 skjálftar mældust þar í gær.

GPS-aflögun: Litlar merkjanlegar færslu á GPS stöðvum við Eyjafjallajökul síðustu tvo sólarhringa.

Heildarmat:

Lítill virkni, en þó enn vart við einstaka öskusprenningar, en mest megnist stúgur hvít vatnsgufa frá eldstöðinni. Greinilega mikið gas sjáanlegt umhverfis gíginn. Flestir jarðskjálftarnir í dag mældust milli kl. 10:32 og 13:42, en á þeim tíma jókst óróinn einnig, en svo tók að draga úr óróanum eftir kl. 15.